

Ár 2013, þriðjudaginn 12. febrúar, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Svanhildi Kaaber, Jónasi Þór Guðmundssyni, Kolbeini H. Stefánssyni, Rannveigu Sigurðardóttur og Vilhjálmi H. Vilhjálmsyni.

Fyrir var tekið:

Að ákveða almenna launahækkun til þeirra sem undir kjararáð heyra

I.

Samkvæmt 10. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð skal kjararáð taka mál til meðferðar þegar því þykir þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til. Laun samkvæmt kjarasamningum á hinum almenna markaði hækkuðu að jafnaði um 3,25% þann 1. febrúar 2013. Laun samkvæmt kjarasamningum fjármálaráðherra og ríkisstarfsmanna munu hækka að jafnaði um 3,25% þann 1. mars 2013.

Með hliðsjón af framangreindu ákveður kjararáð að laun skuli hækka eins og í ákvörðunarorði segir.

II.

Ákvörðunarorð

Laun þeirra sem ákvörðunarvald kjararáðs nær til skulu hækka um 3,25% 1. mars 2013.

Svanhildur Kaaber

Jónas Þór Guðmundsson

Kolbeinn H. Stefánsson

Rannveig Sigurðardóttir

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson